AUGLÝSING

um breytingu á Evrópusamningi um vernd dýra í millilandaflutningi.

Hinn 24. apríl 1986 var viðbótarbókun við Evrópusamning frá 13. desember 1968 um vernd dýra í millilandaflutningi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1969, undirrituð fyrir Íslands hönd án fyrirvara um fullgildingu. Viðbótarbókunin var gerð í Strassborg 10. maí 1979. Samkvæmt bókuninni verður Efnahagsbandalagi Evrópu heimilt að gerast aðili að samningnum.

Tilkynnt verður um gildistöku viðbótarbókunarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. apríl 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Nr. 9 4. júlí 1986

AUGLÝSING

um Torremolinos alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977.

Hinn 12. júní 1986 var framkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Torremolinos alþjóðasamþykktarinnar um öryggi fiskiskipa, 1977 sem gerð var í Torremolinos 2. apríl 1977 og undirrituð fyrir Íslands hönd sama dag. Alþingi hafði með ályktun 17. apríl 1986 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samþykktina. Tilkynnt verður um gildistöku samþykktarinnar síðar.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. júlí 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

TORREMOLINOS-ALÞJÓÐASAMÞYKKTIN UM ÖRYGGI FISKISKIPA, 1977.

AÐILAR AÐ SAMÞYKKT ÞESSARI,

ÆSKJA þess að stuðla að öryggi skipa almennt og öryggi fiskiskipa sérstaklega,

MINNAST ÞESS verulega árangurs sem alþjóðasamningar um öryggi mannslífa á hafinu og einnig alþjóðasamningar um hleðslumerki skipa hafa náð í því að stuðla að öryggi skipa,

GERA SÉR LJÓST að fiskiskip eru undanþegin nær öllum kröfum þessara alþjóðasamninga,

TORREMOLINOS INTERNATIONAL CONVENTION FOR THE SAFETY OF FISHING VESSELS, 1977

THE PARTIES TO THE CONVENTION,

DESIRING to promote the safety of ships in general and the safety of fishing vessels in particular,

BEARING IN MIND the outstanding contribution of the International Conventions for the Safety of Life at Sea and also the International Conventions on Load Lines in promoting the safety of ships,

RECOGNIZING that fishing vessels are exempt from almost all the requirements of those International Conventions,